



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Fröst snýr aftur

4. OKTÓBER 2012





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Fantasía um stef eftir Tallis: 15'00"

Première Rhapsodie: 09'00"

Peacock Tales: 12'00"

Sinfónía Francks í d-moll: 40'00"

BAKHJARLAR:



GAMMA

Martin Fröst áritar diska í hléi fyrir framan Eldborg á 2. hæð.

Fröst snýr aftur

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 4. OKTÓBER 2012 » 19:30

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Martin Fröst einleikari

Ralph Vaughan Williams

Fantasía um stef eftir Tallis (1910)

*Einleikskvartett: Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. fiðla
Ari Þór Vilhjálmsson, 2. fiðla
Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla
Bryndís Halla Gylfadóttir, selló*

Claude Debussy

Première Rhapsodie (1911)

Anders Hillborg

Klarinettkonsert „Peacock Tales“ þúsaldarútgáfa (1998/2001)

Hlé

César Franck

Sinfónía í d-moll (1888)

*I. Lento - Allegro non troppo
II. Allegretto
III. Allegro non troppo*



Yan Pascal Tortelier

hljómsveitarstjóri

Yan Pascal Tortelier á langan og glæsilegan feril að baki sem hljómsveitarstjóri og gestahljómsveitarstjóri margra helstu stórhljómsveita heims en hann stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum á Listahátíð 1998. Tortelier hefur unnið til margvíslegra verðlauna á ferli sínum og hafa upptökur í samstarfi við Chandos-útgáfufyrirtækið vakið verðskuldaða eftirtekt. Ber þar hæst verðlaunaútgáfur af hljómsveitartónlist eftir Debussy, Ravel, Franck, Roussel og Dutilleux. Nýlega kom út á vegum Chandos-útgáfunnar diskur með verkum Florent Schmitt með Sao Paulo sinfóníuhljómsveitinni undir stjórn Tortelier.

Árið 2011 tók Tortelier við stöðu heiðursgestastjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Sao Paulo í Brasilíu eftir að hafa gegnt stöðu aðalhljómsveitarstjóra hljómsveitarinnar um árabíl. Tortelier hóf tónlistarferil sinn sem fiðluleikari. Þegar hann var 14 ára vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni Parísarkonservatorísins og debúteraði með föður sínum Paul Tortelier sellóleikara á Proms-tónlistarháttíðinni í London árið 1962. Hann nam hljómfræði og kontrapunkt hjá Nadiu Boulanger og hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Siena. Á árunum 1974-1983 var hann aðstoðarhljómsveitarstjóri hjá Orchestre National du Capitole de Toulouse. Í kjölfarið gegndi hann stöðu aðalhljómsveitarstjóra við Ulster hljómsveitina 1989-1992 og starfaði sem aðalgestastjórnandi Pittsburgh sinfóníuhljómsveitarinnar 2005-2008. Í framhaldi af framúrskarandi starfi hans sem aðalhljómsveitarstjóri BBC filharmóníunnar á árunum 1992-2003 og þar með talið árvissum tónleikum á Proms-tónlistarháttíðinni, stjórnaði hann hljómsveitinni í tónleikaferð um Bandaríkin til að fagna 60. starfsári hljómsveitarinnar. Í dag er Tortelier heiðursstjórnandi Fílharmóníunnar og kemur reglulega að starfi hennar ásamt hljómsveit Konunglegu tónlistar-akademíunnar í London.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Í Morgunblaðinu 6. júní 1998 birtist tónlistargagnrýni um tónleika Tortelier og SÍ eftir Ríkhartð Örn Pálsson.

„Hinn franskí maestro sýndi þvílík snílldartök, að ár og dagur er síðan maður hefur heyrt annað eins. Breiddin í túlkun var ótrúleg; dýnamísk vidd á mörkum hins mögulega, spilamennska af fágúðustu sort, dýpt móti snerpu, klíðmýkt móti svellandi blóðhita -allt sem hugurinn girntist.“



Martin Fröst

einleikari

Svíinn Martin Fröst (1970) er án efa einn fremsti klarinettleikari heims í dag. Hann hefur einstakan og persónulegan stíl, býr yfir undraverðri tækni og hefur hlotið mikið lof fyrir túlkun og lífligan flutningsmáta. Fröst er með eindæmum fjölhæfur og leikur jafnt þekkt verk fyrir klarinett sem og fjöldann allan af samtíma-
verkum sem mörg hver eru rituð sérstaklega fyrir hann eins og *Peacock Tales* eftir Hillborg og *Klarinettkonsert* eftir Kalevi Aho. Á síðasta starfsári frumflutti Fröst konsert eftir Rolf Martinsson sem pantaður var af Sinfóníuhljómsveitunum í Birmingham og Malmö og á þessu starfsári flytur hann nýjan konsert eftir Bent Sørensen með Fílharmoníusveit hollenska útvarpsins í Amsterdam og Köln.

Martin Fröst er listrænn stjórnandi vetrarhátíðarinnar í Mora í Svíþjóð, sem nýlega fagnaði fimmtugasta starfsárinu, og alþjóðlegu kammertónlistarhátíðarinnar í Stafangri í Noregi. Hann hefur um árabíl verið í samstarfi við BIS-útgáfufyrirtækið og hefur diskur hans Fröst og félagar, sem inniheldur stutt upplappsverk, notið mikilla vinsælda og fékk fádæma góða dóma gagnrýnenda en jafnframt hefur upptaka hans af klarinettkonsert Mozarts slegið öll sölumet. Nýjasti diskur hans *Dances to a Black Pipe* með danstónlist eftir Copland, Brahms, Lutoslawski og Piazzola kom út í nóvember 2011.

Ásamt því að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands, nú í upphafi starfsárs, er Fröst í samstarfi við Osmo Vänskä og Minnesota hljómsveitina og Sinfóníuhljómsveitina í Luzern undir stjórn James Gaffigans. Bæði Osmo Vänskä og James Gaffigan stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum síðar á starfsárinu, Gaffigan í mars og Vänskä í júní.



Ralph Vaughan Williams

Fantasía um stef eftir Tallis

Vaughan Williams (1872-1958) átti ríkan þátt í að móta tónmál Englendinga á 20. öldinni ásamt Elgar, Holst, Delius og Sharp. Vaughan Williams var ástríðufullur þjóðlagasafnari og ritstýrði jafnframt nýrri sálmabók fyrir ensku biskupakirkjuna sem kom út árið 1906. Vinnan við sálmabókina ásamt þjóðlagasöfnuninni markaði djúp spor í feril hans sem tónskálds en þjóðararfinn notaði hann óspart sem uppsprettu í tónsmíðar sínar.

Um þriggja mánaða skeið, árið 1908, sótti Vaughan Williams tónsmíðatíma hjá Maurice Ravel en áður hafði hann hlotið hefðbundna menntun í Cambridge og Berlín. Um þá ákvörðun að nema hjá Ravel sagði tónskáldið: „Mig langaði til að fá svolitla franska fágun.“ Að margra mati kom hann jafn enskur til baka en engu að síður leiddi námið hjá Ravel til nýrra vídda í hljómanotkun og litbrigðum. Í ljósi þessa er það merkilegt að Vaughan Williams hafi ákveðið að skrifa *Tallis-fantasíuna* fyrir strengjasveit einvörðungu, þar sem slík hljóðfærasamsetning gæti svo hæglega kallað á einsleitni. Hins vegar nær Vaughan Williams fram ótrúlegum blæbrigðum og andstæðum í tónlistinni og skapar magnaðan hljóðheim með því að skipta strengjasveitinni niður í þrjá hópa af ólíkri stærðargráðu: hljómsveit sem samanstendur af um það bil 40 strengjaleikurum, strengjaskvartett sem er skipaður leiðurum hljómsveitarinnar og hljómsveit sem samanstendur af níu hljóðfæraleikurum.

Tallis-fantasían var frumflutt árið 1910 á Þriggja kóra hátíðinni í Gloucester undir stjórn tónskáldsins sjálfs og hefur síðan þá verið eitt rómaðasta verk enskra tónbókmennta. Vaughan Williams byggir *Fantasíuna* á stafi eftir endurreisnartónskáldið Thomas Tallis og á mjög áhrifaríkan hátt sameinar hann arfleifðina og samtímamann í stað þess að stilla upp ólíkum tímabilum sem andstæðum. Eftir frumflutninginn 1910 var skrifað í Times: „... hlustandinn er aldrei viss hvort hann er að hlusta á eitthvað gamalt eða glænytt og ekki er möguleiki að eyrnamerkja verkið einstöku tímabili eða sérstökum skóla.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Hljómsveitin „Að sunnan og norðan“ sem var skipuð ungu tónlistarfólki frá Reykjavík og Akureyri flutti *Fantasíu um stef eftir Tallis* árið 1982 undir stjórn Marks Reedman í íþróttaskemmuni á Akureyri og í Hamrahlíðarskólanum í Reykjavík. *Tallis-fantasían* hljómaði fyrst á tónleikum SÍ árið 1964 undir stjórn Igors Buketoff og síðan árið 2003 undir stjórn Rumons Gamba.



Claude Debussy

Première Rhapsodie

Claude Debussy (1862-1918) vann að *Première Rhapsodie* fyrir klarinett og píanó frá desembermánuði 1909 til janúarmánaðar 1910. Ári síðar, 1911, útsetti Debussy verkið fyrir hljómsveit. *Première Rhapsodie* var upphaflega samið sem prófverk í klarinettdeild Konservatorísins í París og sem slíkt þurfti *Rapsódían* að opinbera hæfileika flytjandans til að leika lagrænt og af mikilli færni í fjölbreyttu hraðavali.

Première Rhapsodie hefst á draumkenndum seiðandi laglínunum sem fljóta yfir litbrigðarikri hljómsveitarútsetningunni með klarinettið í forgrunni. Nokkur áberandi stef, stuttar kadensur fyrir klarinettið og hraðabreytingar, leiða hlustandann í lokataktana þar sem spennan eykst og verkinu lýkur á snöggum og glæsilegum endapunkti. Verkinu mætti því lýsa sem flóknu og ófyrirsjáanlegu í formi þar sem hugmyndir og hljóðheimur er af þeirri stærðagráðu sem ekki ber endilega að vænta eða er fyrirsjáanlegur af stuttu prófstykki. Eftir opinberan frumflutning verksins 16. janúar 1911, í Salle Gaveau í París þar sem Prosper Mimart lék á klarinettið, taldi Debussy *Rapsódíuna* vera frambærilegt verk og því áhugavert til útsetningar fyrir hljómsveit.

Claude Debussy var á hátindi ferils síns undir lok 19. aldar og á fyrsta áratug 20. aldarinnar. Hann var leiðandi afl í franskrí tónsköpun og má í því sambandi nefna tímamótaverkið *Síðdegi skógarpúkans* sem frumflutt var 1894 og óperuna *Pelléas og Mélisande* sem fékk blendin viðbrögð við frumflutning árið 1902. Fyrrgreind verk festu Debussy í sessi sem meistara blæbrigðanna þar sem litbrigðin kristallast og blandast í eina heild og ferðast með hlustandann inn í annan heim, nokkuð sem tengdi Debussy við ímpressjónista málalalaristarinnar.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Première Rhapsodie hefur hljómað þrisvar sinnum á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sigurður Ingvi Snorrason klarinettleikari flutti *Rapsódíuna* með hljómsveitinni árið 1973 og Hermann Stefánsson árið 2003. Árið 2008 flutti Arngunnur Ýr Árnadóttir *Rapsódíuna* með hljómsveitinni á tónleikunum Ungum einleikurum að undangenginni einleikarakeppni SÍ og LHÍ.



Anders Hillborg

Klarinettkonsert

Í klarinettkonsertinum *Peacock Tales* eftir sænska tónskáldið Anders Hillborg (1954) mynda tónlist, dans og tjáning órofa heild í einu eftirtektarverðasta tónverki síðari ára. *Peacock Tales* var samið á þremur mánuðum árið 1998 og frumflutt í október sama ár af Martin Fröst og Sænsku útvarpshljómsveitinni undir stjórn Leifs Segerstam. Áður hafði Hillborg samið fjölda smærri verka fyrir Martin Fröst eins og: *Close Up* (1990) fyrir klarinett (eða önnur hljóðfæri ad lib.), *Tampere Raw* (1991) fyrir klarinett og píanó, *Nursery Rhymes* (1996) og *The Peacock Moment* (1997) fyrir klarinett og píanó/tape. Hillborg er í hópi leiðandi tónskálda í Svíþjóð og hefur samið tónverk fyrir fjölda hljómsveita í Evrópu og Ameríku. Auk samstarfsins við Fröst vinnur hann reglulega með sópransöngkonunni Anne Sofie von Otter og kórstjóranum Eric Ericson.

Anders Hillborg greinir svo frá verkinu *Peacock Tales*: „Upphaflega var áætlað að verkið væri 15 mínútna langt. *Peacock Tales* – skrifað fyrir klarinett og stóra hljómsveit – óx hratt upp í 35 mínútna drama sem innihélt látbragðsleik/dans og lýsingu. Frá upphafi lagði Martin til að látbragðsleikur/dans ætti að vera samofinn verkinu og þess vegna var það mikilvægur útgangspunktur að nýta einstæða hæfileika hans sem hljóðfærleikara og látbragðsleikara/dansara í tónverkinu. Eftir innganginn, mjög ljúfan einleik á klarinett, koma strengirnir smám saman inn og klarinettið springur í skrækjum og villtum glissandóum. Hér hefst ferð í gegnum margar ólíkar tónlistar- og tilfinningalegar „stöðvar“ þar sem einleikarinn birtist stundum með grímu og stundum án hennar.“

Klarinettkonsertinn *Peacock Tales*, var skrifaður fyrir tilstilli Sænsku útvarpshljómsveitarinnar. Stytt útgáfa af klarinettkonsertinum, svonefnd þúsaldarútgáfa, sem heyrir á tónleikum í kvöld er frá árinu 2001 og er mun styttri en upprunalega útgáfan eða um það bil 12 mínútur.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Sinfónía í d-moll eftir César Franck er nú flutt í 20. sinn. Sinfónían var í sérstöku upphaldi hjá franska hljómsveitarstjóranum Jean-Pierre Jacquillat en hann stjórnaði d-moll sínfóníunni alls níu sinnum meðan hann gegndi stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Fegurð að norðan: Úr ritdómi í tónleikaferð Sí um Frakkland 1985. „Eftir hlé stjórnadi Jacquillat sínfóníu Francks af undraverðum krafti, laðaði fram sterkan og voldugan tón. Hljómsveitin var mjög vel æfð og náði fullum tókum á tónaflóðinu án þess nokkurn tíma að týnast í verkinu.“

César Franck

Sinfónía í d-moll

Þegar d-moll sínfónía Césars Franck (1822-1890) var flutt í París 1889 hlaut hún dræmar undirtektir. Í dag eru þessi viðbrögð næsta óskiljanleg þar sem skýr uppbygging, dramatísk framvinda og tilfinningahiti eru ávísun á jákvæð viðbrögð og upplifun hlustenda. Út frá þessum fyrstu viðbrögðum að dæma gat fáa grunað þá miklu vinsældir sem fyrir sínfóníunni áttu eftir að liggja. Sinfónían er stórt og mikið rómantískt verk í þremur þáttum sem eru nátengdir stefjalega séð.

Sinfónían hefst á hægum inngangi í lægri strengjum þar sem aðalstefið er fyrst kynnt, stef sem gengur eins og rauður þráður í gegnum alla sínfóníuna. Stefið er þriggja tóna hending sem bergmálar stef Beethovens úr síðasta strengjakvartett hans þar sem hann skrifar fyrir ofan tónana: „Muss es sein?“ „Er það óumflýjanlegt?“ Stefinu bregður einnig fyrir í *Niflungahring* Wagners og Liszt notar það í sínfóníska tónaljóðinu *Les préludes*. Annar þátturinn hefst með tregafullum söng enska hornsins sem þótti nokkuð óvanalegt hljóðfæraval á þessum tíma. Klarinett og horn taka við stefinu en þátturinn endar á friðsælum brotnum hörpuhljómi. Franck skrifaði um þriðja þáttinn: „Í lokaþættinum birtast öll stefin aftur, eins og í þeirri *Níundu* eftir Beethoven. Þau koma ekki til baka sem tilvitnanir heldur hef ég unnið með þau og gefið þeim nýtt hlutverk.“

Franck starfaði sem píanóleikari og var einn af leiðandi organistum í Frakklandi en í starfi organistans naut hann sín vel þar sem hæfni hans í spuna var einstæð. Franck þroskaðist seint sem tónskáld og má segja að öll lykilverk hans hafi verið samin á árunum 1880-1890, síðasta áratuginn sem hann lifði. Sinfónían í d-moll er langþekktasta hljómsveitarverk Francks, nokkurskonar sambland af sínfóníu og sínfónísku ljóði, þar sem stef ganga í gegnum verkið sem sameiningarkraftur. Franck lést í París 1890 en um aldarmótin 1900 var hann orðinn leiðandi afl „Gamla skólans“ í Frakklandi en Debussy í forsvari fyrir framfaraöflin.

Hjördís Ástráðsdóttir

Hljómsveit á tónleikum

4. október 2012

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Margrét Tulinius
Una Sveinbjarnardóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Andrzej Kleina
Rósa Guðmundsdóttir
Zbigniew Dubik
Rut Ingólfssdóttir
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Martin Frewer
Olga Björk Ólafsdóttir

2. FIÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Pálína Árnadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Greta Guðnadóttir
Þórdís Stross
Ágústa María Jónsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Helga Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison
Eyjólfur Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Lovísa Fjeldsted
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir

KLARINETT

Arngunnur Árnadóttir
Ármann Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjárn Ingason
Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elísabet Waage

PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Eggert Pálsson

GAMMA er einn af aðalstyrktaraðilum Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval
verðbréfa- og fagfjárfestisjóða
Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 540 3285, www.gamma.is



GAMMA
GAM Management hf



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



VÍKINGUR, KEISARAKONSERTINN OG KRISTUR Á OLÍUFJALLINU

Fim. 08. NÓV. '12 » 19:30

Fös. 09. NÓV. '12 » 19:30

Víkingur Heiðar Ólafsson flytur Keisarakonsertinn, síðasta píanókonsert Beethovens. Konsertinn er tignarlegur og gerir miklar kröfur til einleikarans. Óratórían Kristur á Olíufjallinu verður einnig flutt, nú í fyrsta sinn á Íslandi, af Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt Mótettukór Hallgrímskirkju og einsöngvurum í fremstu röð.

Ludwig van Beethoven

Píanókonsert nr. 5, Keisarakonsertinn

Ludwig van Beethoven *Kristur á Olíufjallinu*

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Herdís Anna Jónasdóttir,

Sveinn Dúa Hjörleifsson og

Jóhann Smári Sævarsson einsöngvarar

Mótettukór Hallgrímskirkju

Hörður Áskelsson kórstjóri

EFTIRLEIKUR 08.11. » 22:00

Olivier Messiaen *Et exspecto resurrectionem mortuorum*

TÓNLEIKAKYNNING » 18:00